



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Utanríkisráðuneytið  
Rauðarárstíg 25  
150 Reykjavík

Reykjavík, 23.03.2018  
Tilv.: 1803016

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Íslandsstofu.**

Athygli Samkeppniseftirlitsins hefur verið vakin á því að dagana 6.-13. mars sl. var til umsagnar á Samráðsgátt stjórnarráðsins frumvarp til laga um breytingu á lögum um Íslandsstofu. Á þessu stigi vill Samkeppniseftirlitið koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna frumvarpsins.

Í 1. gr. laganna er lögð til breyting á 2. gr. núgildandi laga. Þar er m.a. gert ráð fyrir að Íslandsstofa verði undanþegin nánar tilteknum lögum, þar á meðal samkeppnislögum nr. 44/2005. Yrði ákvæðið að lögum væri Íslandsstofu t.d. heimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt samkeppnislögum, sbr. nánar 12. gr. samkeppnislaga. Þá kynni t.a.m. að rísa vafi um hvort samráð fyrirtækja á vettvangi Íslandsstofu, væri ólöglegt samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga.

Í greinargerð með frumvarpinu eru færð fyrir því rök að gildissvið samkeppnislaga nái ekki til Íslandsstofu, þar sem starfsemi þess taki ekki til samninga, skilmála eða athafna sem ætlað er að hafa áhrif hér á landi. Sé það réttur skilningur er ljóst að ekki er þörf á að undanþiggja Íslandsstofu gildissviði laganna. Þess er hins vegar látið ógetið í greinargerðinni að í VII. kafla samkeppnislaga er kveðið á um framkvæmd samkeppnisreglna samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 21. gr. laganna skulu Samkeppniseftirlitið, áfrýjunarnefnd samkeppnismála og íslenskir dómstólar beita 53. og 54. gr. EES-samningsins.

Sé talin þörf á því að undanþiggja Íslandsstofu ákvæðum samkeppnislaga er vakin athygli á því að löggjafinn hefur þegar markað slíku samstarfi farveg þar sem sérstaklega er kveðið á um það í 15. gr. samkeppnislaga að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 10. og 12. gr. laganna, að tilteknum skilyrðum uppfylltum.

Til viðbótar framangreindu bendir Samkeppniseftirlitið á að skoðunarefni er hvort undanþága 1. gr. frumvarpsins frá gildissviði hinnar nánar tilgreindu laga kunni að einhverju leyti að varða ríkisstyrkjareglur EES-samningsins.



Samkeppni í viðskiptum eykur velferð neytenda og stuðlar að hagkvæmni í atvinnulífinu. Hún stuðlar að lægra verði, betri þjónustu, nýsköpun og framförum í atvinnurekstri. Á sama hátt og ljóst er að samkeppni hefur jákvæð áhrif liggur fyrir að samkeppnishömlur geta valdið almenningi og atvinnulífinu miklum skaða, sérstaklega hömlur sem stafa af samráði keppinauta. Með hliðsjón af framangreindu verður að gera alvarlega athugasemd við þá ráðagerð að undanþiggja Íslandsstofu samkeppnislögum eins og boðað er í frumvarpsdrögum. Samkeppniseftirlitið áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari sjónarmiðum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,  
Samkeppniseftirlitið

Guðmundur Haukur Guðmundsson